# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

114. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 22. MAÍ 2017


## Mun ódýrari en greiða þó ekki með bensíninu

**VERSLUN** Forstjóri Olís segir verð Costco lægra en markaðurinn ráði við. Forstjóri Costco segir að fyrirtækið muni ekki greiða með eldsneyti. Þetta sé eðlileg álagning.

„Þetta er lifandi sönnun þess sem vakin hefur verið athygli á, bæði af okkur í FÍB og samkeppnisyfirvöldum, að álagning á eldsneyti er langt umfram það sem þekkist í nágrannalöndunum,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB. **– sa /** **sjá síðu 4**




## Vilja ekki þvag tónleikagesta

**SAMFÉLAG** „Ég er ekki ósátt við tónleikana og tónleikahaldið en það hefði mátt vera meira samráð við íbúa,“ segir Rannveig Guðmundsdóttir, íbúi í Tröllakór.

Talsverður ágangur var vegna tónleikagesta sem gerðu sér ferð til að berja Rammstein augum. Einhverjir þeirra köstuðu af sér vatni í garða og á bílaplön íbúa í Kórahverfinu.

„Sumir þurftu að létta á sér á leiðinni og létu þá bara vaða inn í garða, ruslageymslur og fyrir framan börn,“ segir Rannveig. **– jóe /** **sjá síðu 4**

## Fasteignafélög kaupa upp eignir í Eyjum

**VESTMANNAEYJAR** „Ég get staðfest að hafa orðið var við að stór félög séu að kaupa upp fasteignir í Eyjum. Þeir hafa þá líklega meiri trú á því að verðið muni hækka en heimamenn,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. **– sa /** **sjá síðu 2**



**Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Eyjum**




**Valsmenn eru besta lið landsins í handbolta en félagið varð Íslandsmeistari í 22. sinn í sögu félagsins í gær. Valur vann einnig bikarkeppnina og er því handhafi tveggja stærstu titlanna sem í boði eru á Íslandi. Þá fóru Valsmenn í undanúrslit Áskorendabikars Evrópu. Valsmenn unnu FH-inga í úrslitaleik.** **Sjá síðu 14**

### Fréttablaðið í dag


**SPORT** Bræðurnir Orri Freyr og Ýmir Örn Gíslasynir eru hjartað í vörn Íslandsmeistara Vals. 14

**LÍFIÐ** Samtökin Tilvera eru að hrinda af stað söfnunarátaki sem snýst um að auðvelda félagsmönnum lífið í baráttunni við ófrjósemi. 26

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015












# Miklu færri bókanir í borginni

**Fyrirtæki í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu segja maímánuð fara illa af stað. Merkja mun færri bókanir í afþreyingu, á veitingastöðum og hótelum. Forsvarsmenn fyrirtækja hafa áhyggjur af þróuninni í borginni.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Forsvarsmenn fyrirtækja í ferðaþjónustu í Reykjavík segja talsvert færri bókanir á hótelgistingum, borðum á veitingastöðum og afþreyingu fyrir ferðamenn fyrstu þrjár vikurnar í maí, miðað við í fyrra. Segja þeir bókanir allt að 40 prósentum færri á tímabilinu.

„Þetta sé ég svart á hvítu í mínum rekstri. Ég veit ekki hvort um er að ræða fækkun ferðamanna, eða breytta hegðun. Það er engin mæði í okkur – en ef þetta heldur svona áfram er ljóst að það þarf að draga saman seglin,“ segir Rannveig Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Eldingar, hvalaskoðunarfyrirtækis, en hún á einnig sæti í stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar.

> **Ég veit ekki hvort um er að ræða fækkun ferðamanna, eða breytta hegðun þeirra.**
>
> Rannveig Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Eldingar



„Við erum að sjá 38 prósent færri bókanir á dagsferðum frá Reykjavík á tímabilinu, en bókunarstaðan í sumar lítur ágætlega út. Maí er alltaf rólegri í afþreyingu en aðrir mánuðir, en það kemur á óvart hvað þetta er mikil dýfa,“ segir Þórarinn Þór, framkvæmdastjóri hjá Reykjavik Excursions.

„Maður heyrir að ferðamenn séu að eyða minna, kaupi ódýrari mat úr lágvöruverslunum, gisti færri nætur og velji ódýrari afþreyingu,“ útskýrir Rannveig.

Upplýsingafulltrúi Isavia segist ekki hafa merkt fækkun ferðamanna sem heimsækja landið, en farþegaspár gera ráð fyrir áframhaldandi fjölgun. „Mér fyndist áhugavert að sjá frekari greiningu á þessum tölum,“ segir Rannveig, en líkt og fram hefur komið fer talning ferðamanna í Leifsstöð fram við vopnaleitina. Allir sem fara þar í gegn og hafa erlend vegabréf eru taldir ferðamenn, líka þeir sem búa á Íslandi. Einnig þeir sem fara aldrei út af Leifsstöð, eru á leið annað í tengiflugi, en þurfa að sækja farangur og innrita sig aftur á Keflavíkurflugvelli.

Gengi íslensku krónunnar gæti líka haft áhrif á eyðslu ferðamanna, en krónan hefur styrkst mjög gagnvart erlendum gjaldmiðlum undanfarið. **olof@frettabladid.is**

## Veður




Ákveðin austanátt syðst á landinu í dag, en annars hægari vindur. Dálítil væta sunnan- og austanlands, en norðan- og vestanlands verður áfram nokkuð bjart. Hiti 6 til 18 stig, hlýjast í innsveitum norðan- og vestanlands. SJÁ SÍÐU 20

# Óvæntur félagsskapur við sólsetur



Bjarki Georg Ævarsson ákvað að njóta sólsetursins um helgina uppi á toppi Úlfarsfells enda útsýni þar yfir höfuðborgarsvæðið og sundin blá algjörlega magnað. Bjarki fékk óvæntan félagsskap því tófa kom í mestu makindum og naut síðustu sólargeislanna með honum. Tófan gæddi sér á rótum og var óhrædd við mannaferðirnar, trúlega róleg yfir fegurð náttúrunnar þessa helgina með stútfullan maga. MYND/BJARKI GEORG ÆVARSSON

# Skeljungur vill kaupa 10-11

**VIÐSKIPTI** „Þetta er ekkert sérstakt viðbragð við kaupum Haga á Olís,“ segir Valgeir M. Baldursson, forstjóri Skeljungs, en Skeljungur hf. og hluthafar Basko ehf. ætla að hefja samningaviðræður um kaup olíufélagsins á öllu hlutafé í Basko.

Þetta kemur fram í tilkynningu til Kauphallar í gærkvöldi.

Kaupverðið er 2,2 milljarðar króna, greitt í hlutum í Skeljungi hf. á genginu 6,9 á hlut.

Forsendur um kaupverð miðast við að EBIDTA Baskó geti numið 500 milljónum innan 24 mánaða eftir að kaupin hafa gengið í gegn.

„Við erum meira að hugsa um okkar vegferð, við höfum átt í góðu samstarfi við 10-11 í á þriðja ár. Þetta er eitt skref í þeirri vegferð. Við teljum að við eigum helling inni,“ útskýrir Valgeir.

**2,2**

**milljarðar, er kaupverðið, greitt í hlutum í Skeljungi hf.**

Basko fer með eignarhald á Rekstrarfélagi Tíu ellefu ehf., Íslandi verslun hf. og Imtex ehf.

Rekstrarfélag Tíu ellefu ehf. rekur 35 verslanir undir merkjum 10-11 og Háskólabúðarinnar og er einnig móðurfélag Drangaskers ehf. sem rekur fimm kaffihús undir merkjum Dunkin Donuts.

Félagið rekur eina Inspired by Iceland verslun og veitingastaðinn Bad Boys Burgers & Grill.

Þá rekur Ísland Verslun hf. þrjár verslanir undir merkjum Iceland.

Gangi viðskiptin eftir má gera ráð fyrir að gengið verði frá kaupum fyrir árslok 2017. **– ósk**

# Fólk hafi val um starfslok sín

**VINNUMARKAÐUR** Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, segist ekki leggjast gegn áformum Þorsteins Víglundssonar um að afnema hámarksaldur ríkisstarfsmanna.

„Við höfum lagt áherslu á að einstaklingurinn hafi val um hvort hann hætti fyrr en seinna. Það skiptir mestu að samráð sé haft við þá einstaklinga sem farnir eru að nálgast þennan starfslokaaldur og þeim gefinn kostur á að velja. Þetta á ekki að vera kvöð,“ segir Elín Björg.

Þorsteinn Víglundsson félagsmálaráðherra segir það tímaskekkju að skikka fullfríska einstaklinga til starfsloka. Boðar hann frumvarp í haust sem muni breyta þessu. Elín Björg segir mikilvægt að málið verði unnið í sátt við BSRB. „Mikilvægt er að andinn sé þessi; að það fari eftir starfi og einstaklingnum hvernig best sé staðið að því hvenær ríkisstarfsmenn hefja starfslok.“ **– sa**

# Fjárfestar kaupa eignir í Eyjum af miklum móð

**Eyjamenn hafa orðið varir við uppkaup fasteignafélaga á húsum í Vestmannaeyjum. Bæjarstjóri telur fjárfesta veðja á hækkandi verð með bættum samgöngum. Á annan tug fasteigna hafa verið seldar á stuttum tíma til fasteignafélaga.**

**VESTMANNAEYJAR** Færst hefur í aukana síðustu vikur að stór fasteignafélög kaupi upp fasteignir í Vestmannaeyjum og veðji þannir á hækkandi fasteignaverð samfara bættum samgöngum til og frá Eyjum. Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir fjárfesta hafa mikla trú á áhrifum nýrrar Landeyjahafnar.

„Við á landsbyggðinni vitum sem er að í hvert skipti sem samgöngur lagast þá hækkar fasteignaverð,“ segir Elliði.

„Við sjáum það hér í Eyjum mjög glöggt í tengslum við gerð Landeyjahafnar. Ég get staðfest að hafa orðið var við að stór félög séu að kaupa upp fasteignir í Eyjum. Þeir hafa þá líklega meiri trú á því að verðið muni hækka en heimamenn.“

Guðjón Hjörleifsson, fasteignasali í Vestmannaeyjum, hefur sömu sögu að segja og Elliði og staðfestir að á annan tug fasteigna hafi á stuttum tíma farið til fasteignafélaga. Stór fyrirtæki fái lánað hjá Íbúðalánasjóði á sömu vöxtum og almenningur til langs tíma. Eignamyndun félaganna sé hraðari á stöðum eins og Vestmannaeyjum en í Reykjavík til að mynda.

„Jú, ég hef verið að selja íbúðir til fasteignafélaga í Eyjum sem ætla sér að leigja út eignirnar í einhvern tíma þar til fýsilegt verður að selja. Það er mjög áhugavert að sjá þennan viðsnúning því þetta er eitthvað sem við höfum ekki séð mikið af hér í Eyjum,“ segir Guðjón. „Menn fá hér eignir á góðu verði þar sem atvinnulíf er með ágætum og svo veðja menn líklega á að verðið hækki með bættum samgöngum.“



Fasteignafélög veðja greinilega á hækkandi verð með bættum samgöngum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

> Fjárfestar kaupa núna bæði íbúðir og hús sem þeir ætla að leigja og selja áfram. Því gæti verið sniðugt að fjárfesta nú áður en verð hækkar í Eyjum.



Elliði Vignisson, bæjarstjóri

Elliði segir það mikilvægt að heimamenn sjái líka tækifærið í auknum samgöngum við Landeyjahöfn og haldi ekki að sér höndum. „Fjárfestar kaupa núna bæði íbúðir og hús sem þeir ætla að leigja og selja áfram.

Því gæti verið sniðugt að fjárfesta nú áður en verð hækkar í Eyjum. Það hefur margsýnt sig að verð fasteigna fer upp með leið og samgöngur batna,“ segir bæjarstjórinn.

sveinn@frettabladid.is

**Garðsláttuvélar**
**sem slá á þínum gönguhraða**




Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari

ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is



# TAKTU SKREFIÐ

## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI
KYNNINGARFUNDUR Á MORGUN 23. MAÍ AÐ DUNHAGA 7

**KLUKKAN 17:00**

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

NÁM TIL LÖGGILDINGAR FASTEIGNA- OG SKIPASALA

SÉRNÁM Í HUGRÆNNI ATFERLISMEÐFERÐ FYRIR SÁLFRÆÐINGA OG GEÐLÆKNA

STUÐNINGUR VIÐ EINSTAKLINGA ÚT FRÁ FJÖLSKYLDUSÝN

**KLUKKAN 17:30**

FJÁRMÁL OG REKSTUR

HUGUR OG HEILBRIGÐI - GERÐU GOTT LÍF BETRA

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRIÐUM HUGRÆNNA ATFERLISFRÆÐA

VERKEFNASTJÓRNUN OG LEIÐTOGAÞJÁLFUN

**KLUKKAN 18:00**

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI - DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI

VIÐURKENNDUR BÓKARI

ÖKUKENNARANÁM TIL ALMENNRA RÉTTINDA

FORYSTA TIL FRAMFARA
- LEIÐ STJÓRNENDA TIL AUKINS ÁRANGURS

HUGRÆN ATFERLISFRÆÐI FYRIR LÆKNA

FLESTAR NÁMSBRAUTIR ENDURMENNTUNAR ERU LÁNSHÆFAR

NÁMSRÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR: SÍMI 525 4444
ENDURMENNTUN.IS

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Vilja tónleikaþvagið burt með auknu samráði við bæinn

**SAMFÉLAG** „Ég er ekki ósátt við tónleikana og tónleikahaldið en það hefði mátt vera meira samráð við íbúa,“ segir Rannveig Guðmundsdóttir, íbúi í Tröllakór.

Þýska hljómsveitin Rammstein hélt íburðarmikla tónleika í Kórnum á laugardag en rúmlega 17 þúsund manns gerðu sér ferð til að berja hljómsveitina augum. Íbúð Rannveigar stendur nánast við íþróttahúsið þar sem tónleikarnir voru haldnir.



**Rokkþorstinn fór með þennan tónleikagest sem létti á sér á miðju bílaplani við Tröllakór þrátt fyrir ágætis aðgang að salernisaðstöðu á tónleikasvæðinu.**

„Íbúðin okkar er við göngustíginn í Kórinn og fólk streymdi framhjá bæði fyrir og eftir tónleikana. Sumir þurftu að létta á sér á leiðinni og létu þá bara vaða inn í garða, ruslageymslur og fyrir framan börn sem voru að hjóla hérna. Þetta er auðvitað ágangur á okkar eignir.“

Rannveig segir bæjaryfirvöld og tónleikahaldara hafa verið snögga að þrífa allt upp að tónleikum loknum en það séu litlir vankantar þarna sem mætti pússa af fyrir næstu tónleika sem verða haldnir.

„Mér þætti allt í lagi ef rætt yrði við okkur til að sjá hvað mætti fara betur. Hvort það sé ástæða til að girða eitthvað meira af eða hvort önnur leið sé fær. Þetta eru þriðju stóru tónleikarnir hérna og til að það fari ekki á milli mála þá er ég alls ekki ósátt yfir tónleikahaldi hérna. Það er hins vegar óþolandi að þurfa að spúla allt hérna eftir þá,“ segir Rannveig. **– jóe**

## Nagladekkin enn undir

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumönnum á vakt í Reykjavík brá væntanlega í brún í blíðunni um helgina þegar ökumaður keyrði fram hjá þeim á nagladekkjum. Var ökumaðurinn umsvifalaust stöðvaður og kærður enda ekki mikil ástæða til að óttast hálku eða snjó í borginni þó enn snjói víða annars staðar. Þetta kemur fram í helgardagbók lögreglunnar.

Þar segir einnig frá 16 ára ökumanni sem var undir áhrifum fíkniefna. Var pilturinn ásamt 17 ára farþega stöðvaður um tíuleytið á laugardagskvöldið. Þegar lögreglan í Kópavogi leitaði á honum fundust fíkniefni. Haft var samband við foreldra þeirra sem þurftu að koma niður á stöð og sækja þá.

Send var tilkynning til barnaverndar vegna þessa máls. **– bb**

## Aðeins tvær konur í stjórn Landsbjargar

**SAMFÉLAG** Smári Sigurðsson var sjálfkjörinn formaður Landsbjargar en landsþing félagsins fór fram á Akureyri um helgina. Smári hefur gegnt formennskunni síðustu tvö ár. Í níu manna stjórn félagsins voru aðeins tvær konur kjörnar. Stjórnin er kjörin til tveggja ára af fulltrúum björgunarsveita og slysavarnadeilda af öll landinu.

Í tilkynningu frá félaginu kemur fram að Guðni Th. Jóhannesson forseti hafi óvænt heimsótt þingið og ávarpað gesti. Ræddi hann um mikilvægi sjálfboðaliða Slysavarnafélagsins Landsbjargar í störfum sínum.

Alls voru um sex hundruð félagar í Landsbjörg staddir á Akureyri um helgina en auk hefðbundinna þingstarfa fóru fram björgunarleikar félagsins þar sem keppt var í gamni og alvöru í ýmsum björgunarstörfum. **– bb**

# Titringur á eldsneytismarkaði vegna lágs verðs hjá Costco

**Forstjóri Olís segir verð Costco lægra en markaðurinn geti ráðið við. Forstjóri Costco segir fyrirtækið ekki greiða með eldsneyti og að álagningin sé eðlileg. Eldsneytissala hófst við verslunina í gær og fylltu margir meðlimir í Costco á tankinn með bros á vör. Formaður FÍB fagnar samkeppni á eldsneytismarkaðnum.**

**VERSLUN** „Mér finnst þeir koma inn með mjög lágt verð miðað við það sem markaðurinn getur veitt,“ segir Jón Ólafur Halldórsson, forstjóri Olíuverzlunar Íslands, við verðlagningu Costco á eldsneyti.

Costco hóf að selja eldsneyti í gær og er verð þar langt undir því sem gengur og gerist á markaði hér á landi. 95 oktana bensín er á 169,90 krónur lítrinn og dísilolía á 164,90 krónur lítrinn. Útsöluverð hinna olíufyrirtækjanna er tæpar 200 krónur án afsláttar. Verð Costco á eldsneyti mun breyta landslaginu á íslenskum eldsneytismarkaði að mati framkvæmdastjóra FÍB.

„Þetta er lifandi sönnun þess sem vakin hefur verið athygli á, bæði af okkur í FÍB og samkeppnisyfirvöldum, að álagning á eldsneyti er langt umfram það sem þekkist í nágrannalöndum okkar. Það er fagnaðarefni að það sé hrist upp í þessum markaði,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB. „Þetta verð mun hafa gífurleg áhrif á klassískum helsjúkum fákeppnismarkaði. Hinir munu lækka verð um leið því þeir vilja halda áfram að vera í bissness.“

„Við höfum bara verið að bíða eftir því að þeir myndu opna og sú tímamót eru komin núna. Við munum í framhaldinu skoða hvaða áhrif þetta hefur á markaðinn áður en við tökum ákvörðun,“ segir Jón Ólafur, forstjóri Olís. „Við munum einnig þurfa að sjá hvernig Costco spilar úr þessu til lengri tíma. Við vitum ekki hvort þetta sé tilboð dagsins eða hvort þeir haldi þessu verði til streitu. Auðvitað fylgjumst við gaumgæfilega með því við viljum veita samkeppnishæf verð.“




**Meðlimir í Costco dældu glaðir í bragði á farartæki sín enda langt síðan svona verð hefur sést.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**169,9**
**krónur kostar eldsneytislítrinn hjá Costco.**

„Hundruð nýrra viðskiptakorta eru seld á hverjum degi núna og við erum mjög spennt fyrir opnun,“ segir Brett Vigelskas, framkvæmdastjóri Costco. Hann segir verðið á eldsneyti hjá Costco vera komið til að vera. „Við erum ekki að selja eldsneyti undir kostnaðarverði. Okkar markmið er að selja hágæðavöru á sem besta verði.“ **sveinn@frettabladid.is**



# Vandaðir garðtraktorar



Cub Cadet sláttutraktorarnir eru afar vandaðir og vel útbúnir sláttutraktorar sem mæta þörfum og kröfum vandlátra garðeiganda og annarra sláttumanna.

Cub Cadet sláttutraktorarnir eru öflugir og afkastamiklir og auðveldir í notkun.

Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari

ÞÓR HF

| Reykjavík: | Akureyri: | Opnunartími: | Vefsíða og netverslun: |
|---|---|---|---|
| Krókháls 16 | Lónsbakka | Opið alla virka daga | www.thor.is |
| 110 Reykjavík | 601 Akureyri | frá kl 8:00 - 18:00 | |
| Sími 568-1500 | Sími 568-1555 | Lokað um helgar | |




Nýr og nettur Yaris er hlaðinn orku með nýrri vél, endurbættu Hybrid-kerfi og enn meira aðdráttarafli. Yaris hefur árum saman verið rómaður fyrir frábæra aksturseiginleika sem nú fá að njóta sín til fulls í splunkunýrri og kraftmikilli hönnun.

Komdu og reynsluaktu nýjum Yaris orkubolta hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með Yaris**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn



Nilfisk



TILBOÐ

NILFISK CAR X-TRA C 125.7

16.823 KR.
VERÐ ÁÐUR 21.869 KR.

NILFISK HÁÞRÝSTIDÆLUR VINNA VERKIÐ Á METHRAÐA

olís
REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

Nilfisk fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt.






Ársfundur LSR og LH verður haldinn miðvikudaginn 24. maí nk. á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, kl. 15:00. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

Dagskrá:

- Skýrslur stjórna LSR og LH
- Ársreikningar 2016
- Fjárfestingarstefna
- Tryggingafræðilegar úttektir
- Skuldbindingar launagreiðenda
- Breytingar á samþykktum
- Önnur mál

LSR
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is
www.lsr.is


## Síðasta sýningin



Það er ekki á færi hvers manns, og sennilega fæstra, að leika þetta atriði eftir. Hér má sjá hluta Ringling Bros Barnum and Bailey sirkushópsins leika listir sínar en sýning hópsins um helgina var sú síðasta í sögunni. Sirkusinn hafði starfað samfleytt í 146 ár og var sá elsti sinnar tegundar. Ástæða þess að hann lagði upp laupana er sú að jafnt og þétt hafði dregið úr aðsókn og að lokum stóð reksturinn ekki undir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Búa sig undir frekari styrkingu krónunnar

**Ákvörðun Seðlabankans um að hætta reglulegum gjaldeyriskaupum mun líklega leiða til styrkingar krónunnar. Þetta getur ógnað samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja enn frekar. Framkvæmdastjóri SI óttast landflótta fyrirtækja.**

**EFNAHAGSMÁL** Ákvörðun Seðlabankans um að hætta reglulegum gjaldeyriskaupum gæti haft talsverð áhrif til styrkingar á gengi krónunnar.

Ef bankinn ætlar sér að draga enn frekar úr öllum inngripum með sama móti og verið hefur munu áhrifin koma fram í frekari styrkingu krónunnar, þetta er mat Ásdísar Kristjánsdóttur, forstöðumanns efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.

Krónan hefur styrkst hressilega gagnvart öðrum gjaldmiðlum á þessu ári. Seðlabankinn tilkynnti á fimmtudaginn að umfangsmiklum gjaldeyriskaupum bankans yrði hætt. Bankinn muni þó beita inngripum á gjaldeyrismarkaði í samræmi við yfirlýsingar peningastefnunefndar. Ef þessi ákvörðun leiðir til þess að krónan haldi áfram að styrkjast verulega gæti gengi dollara farið talsvert undir hundrað krónur og gengi evru sömuleiðis veikst.

„Seðlabankinn er búinn að leika lykilhlutverk á gjaldeyrismarkaði. Ef hann ætlar að breyta um takt og draga úr inngripum, þá mun það leiða til þess að krónan styrkist að öðru óbreyttu,“ segir Ásdís.

Ef þetta gengur eftir mun innflutningsverð lækka áfram sem mun skila sér í lægra verði til neytenda. „Frekari gengisstyrking hefur hins vegar þau áhrif að samkeppnisstaða þjóðarbúsins versnar enn frekar.“ Ásdís bendir þó á að ef bakslag komi í hagkerfið erum við í gjörbreyttu umhverfi en þegar það gerðist síðast. „Við höfum nýtt uppsveifluna til að búa í haginn, greitt niður skuldir og nú er svo komið að sparnaður þjóðarbúsins er sá mesti í 50 ár.“

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að Seðlabankinn sé svolítið að segja að gengið verði að vera sterkara. „Um leið og við skiljum hlutverk Seðlabankans, þá er hagstjórnin að hafa verri langtímaáhrif en menn virðast átta sig á.

Við erum að sjá fyrirtæki taka ákvarðanir um að flytja starfsemina úr landi. Oftast er það með hluta starfseminnar, en ekki alla. Við getum verið að missa mjög öflug útflutningsdrifin fyrirtæki úr landi og það er rosalega tímafrekt og kostnaðarsamt að fá þau til baka. Hagstjórnarlega fyrir Ísland getur þetta leitt af sér að atvinnulíf okkar og útflutningur verði fábrotin,“ segir hann.

Valdimar Ármann, forstjóri Gamma, telur ákvörðun Seðlabankans ekki endilega hafa mikil áhrif á gengi krónunnar. „Ef krónan fer að styrkjast þá munu þeir eftir sem áður grípa inn í. Þeir eru ekki hættir afskiptum sínum af þróun hennar.“

saeunn@frettabladid.is

# NÝR DACIA LOGAN

## NÝ OG ENDURBÆTT INNRÉTTING - BAKKMYNDAVÉL
## SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU




Verð kr.

**2.540.000** þús.

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)
Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km*

**Hlaðinn staðalbúnaði m.a.:** Bakkmyndavél, Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskynjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða aksturstölva, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass" tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.

Dacia eco2

*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM80653

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

## Ísabella fær loks að blása aftur

**STÓRIÐJA** Ljósbogaofn United Silicon, sem félagið kallar Ísabellu, var ræstur að nýju í gær undir ströngu eftirliti Umhverfisstofnunar. Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri hjá stofnuninni, segir að rannsóknin sem fyrirtækið lúti sé án fordæma.

„United Silicon mun senda okkur útskrift af afli ofnsins daglega svo við sjáum hversu skrykkjótt uppkeyrslan er. Mælt er stanslaust í fjórar vikur sem síðan verður sent til ítarlegrar greiningar,“ segir hún. „Að auki munum við vera með aðrar mælingar og eftirlitsferðir til að sjá hvað veldur þessum óþægindum og ólykt. Þessi rannsókn er án fordæma hjá okkur á Umhverfisstofnun.“ **– sa**

## Norðurþing slær met í hagnaði

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Norðurþing skilaði rúmlega þrjú hundruð milljóna króna hagnaði á síðasta rekstrarári og er það besta niðurstaða sveitarfélagsins frá upphafi.

Sveitarfélagið er nú komið undir 150 prósenta skuldahlutfall en það er viðmiðið eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Heildarskuldir sveitarfélagsins nú eru um 135 prósent af tekjum.

Mikill viðsnúningur hefur orðið á síðustu árum í rekstri sveitarfélagsins. Samkvæmt bæjarstjóra, Kristjáni Þór Magnússyni, þarf að reisa um eitt hundrað íbúðir á næstu misserum vegna Bakka og íbúum fjölgar hratt. **– sa**

# Samvinnutónn í Sádi-Arabíu

**Bandaríkjaforseti sat ráðstefnu í Ríad ásamt fulltrúum 55 múslimaríkja. Fókusinn var á baráttu gegn hryðjuverkum auk þess sem milljarða viðskiptasamningar voru undirritaðir.**



Trump ásamt leiðtogum Sád-Arabíu, Kúveit, Barein, Katar, Sameinuðu arabísku furstadæmanna og Óman í Ríad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**SÁDI-ARABÍA** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, fundaði með leiðtogum og fulltrúum 55 múslimaríkja í Ríad, höfuðborg Sádi-Arabíu, í gær. Þetta er í fyrsta sinn sem Trump fer út fyrir landsteinana í forsetatíð sinni. Efni fundarins var að sameina þjóðirnar í baráttunni gegn hryðjuverkum.

„Íslam mun ávallt vera trú miskunnar og friðsamlegrar sambúðar,“ sagði Salman bin Abdulaziz, Sádakonungur, í opnunarávarpi fundarins. „Við, þjóðir og ríki, höfnum því á hvaða tungumáli sem er að spilla samböndum múslimaríkja við vinveitt ríki á grundvelli trúarbragða.“

Í ávarpi sínu kom Trump inn á það að hann vonaðist eftir því að þátttökuríki fundarins gætu sameinast um að þvinga öfgamenn burt úr Miðausturlöndum. Langstærstur hluti fórnarlamba hryðjuverka væru sakleysingjar frá ríkjum Arabíu og Miðausturlanda.

Bandaríkjaforseti ávarpaði samkomuna einnig og var hann blíðmálli gagnvart íslamstrú og múslimum en hann hefur oft verið. Forsetinn hefur í gegnum tíðina verið sakaður um að vera óvæginn í garð þeirra og þótti það afar umdeilt þegar hann vildi meina ríkisborgurum sjö múslimaríkja inngöngu í Bandaríkin.

„Stríðið gegn hryðjuverkum er stríð barbarískra glæpamanna sem vilja eyðileggja líf heiðvirðs og háttprúðs fólks, af öllum trúarbrögðum, og þeirra sem vilja vernda það. Þetta er ekki stríð trúarbragða eða menningarheima,“ sagði Trump.

Forsetinn mæltist til þess að ríkin tækju sig til og hreinsuðu lönd sín af öfgum og að Bandaríkin væru reiðubúin til að aðstoða við það verkefni. Arabaheimurinn gæti hins vegar ekki setið aðgerðalaus hjá og beðið eftir því að Bandaríkin eyddu óvinum þeirra fyrir þeirra hönd.

„Ég er ekki kominn hingað til að segja ykkur hvernig þið eigið að lifa eða hvern þið skulið tilbiðja. Þess í stað kem ég hingað og býð samstarf fyrir sameiginlega hagsmuni og baráttumál okkar,“ sagði Trump.

Auk yfirlýsinga um sameiginlega baráttu gegn hryðjuverkum var fjöldi viðskiptasamninga undirritaður í heimsókn Trump til Sádi-Arabíu. Þar á meðal má nefna 110 milljarða bandaríkjadollara vopnaviðskiptasamkomulag við Sáda en samningurinn er sá stærsti í sögu Bandaríkjanna.

Þegar heimsókn forsetans til Sádi-Arabíu rennur sitt skeið liggur leið hans til Ísraels og Palestínu áður en hann færir sig yfir til Evrópu.

johannoli@frettabladid.is




**Mitsubishi Outlander PHEV** hefur heldur betur slegið í gegn. Þessi fjórhjóladrifni gæðingur gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni, svo þú kemst allra þinna leiða með góðri samvisku. Komdu og prófaðu!

**Mitsubishi Outlander PHEV**
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

**4.990.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# Fernur eiga framhaldslíf

*Tappinn er unninn úr plöntum*

*Pappinn er unninn úr trjám*




*Þegar mjólkin er búin er best að brjóta fernuna saman og skila henni í pappírsgám/-tunnu svo hún öðlist framhaldslíf*

*Fernan gæti í framhaldinu orðið morgunkorns- eða pitsakassi*

## Umhverfisvænni umbúðir

Nýju mjólkurfernur MS eru framleiddar úr endurnýjanlegu hráefni úr plönturíkinu. Umbúðirnar eru þær umhverfisvænstu sem völ er á fyrir drykkjarmjólk en pappinn kemur úr ábyrgri skógrækt og plastið er unnið úr plöntum í stað olíu. Með þessari nýju aðferð er ekki gengið á takmarkaðar auðlindir jarðar við framleiðsluna og á sama tíma er dregið úr losun koltvísýrings út í andrúmsloftið.

FSC FORESTS FOR ALL FOREVER

*Sjá nánar á ms.is*

# Bið og von



**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is

Einstaklingurinn, réttur hans og tækifæri til þess að ráða örlögum sínum, er mörgum stjórnmálamönnum hugleikinn og það réttilega. Fátt er mikilvægara en þessi réttur til persónufrelsis sem grundvallarmannréttindi hvers einstakling. Við Íslendingar teljum okkur gera það og höfum hann í hávegum. Það er því þeim mun undarlegra að ákveðnir einstaklingar skuli þurfa að verja stórum hluta af lífinu í að berjast fyrir þessum rétti. Bíða eftir honum og vonast eftir að hann verði þeirra, rétt eins og okkar hinna sem hans njótum frá degi til dags.

Um helgina birtist hér í Fréttablaðinu forvitnilegt viðtal við ungan mann, Snæbjörn Áka Friðriksson, nýkjörinn formann Átaks, félags fólks með þroskahömlun, merkilegs félags sem verður 25 ára á næsta ári. Þrátt fyrir þann mótbyr og þær takmarkanir sem félagsmenn takast á við í lífinu er þeim sjálfstæðið ofarlega í huga. Mikilvægi þess að raddir þeirra fái að heyrast í samfélaginu en að um málefni þeirra sé ekki einvörðungu fjallað af öðrum og utanaðkomandi. Og svo það sem er líkast til mest um vert, eins og Snæbjörn Áki segir sjálfur, að félagsmönnum sé tekið eins og öðru fólki í samfélaginu.

Ekki er það nú að biðja um mikið. Engu að síður er þessi sjálfsagða og hógværa krafa efst á lista hjá félagsmönnum Átaks og það að allt of mörgum gefnum tilefnum. Snæbjörn Áki nefnir húsnæðismálin og segir að stjórnvöld verði að fara að girða sig í brók. Bendir á að fötluðu fólki sé boðið að búa með fólki sem það þekkir ekki eða flutt á milli staða eftir því hvernig staðan er í efnahagslífinu. Að fólk sé skikkað til þess að sætta sig við eitt og annað til þess að þjóna samfélaginu eins og að búa á hópheimilum af því að það hentar öðrum eða er hagkvæmt. „Fólk á bara að fá að ráða því sjálft," segir Snæbjörn Áki og það er rétt hjá honum vegna þess að við teljum okkur búa í samfélagi sem virðir rétt einstaklingsins.

Menntamálin eru líka í ólestri. Liðsmenn Átaks þurfa í sífellu að berjast fyrir jafnrétti til náms, skólaganga þeirra er í mörgum tilvikum brotin og tækifærin til framhaldsmenntunar afar takmörkuð. Eins virðast atvinnumálin vera í afleitu standi. Verndaðir vinnustaðir borga skelfilega lág laun og á sumum vinnustöðum virðast þessir einstaklingar ekki einu sinni fá greidd laun heldur vera skammtaðir vasapeningar eftir hentisemi og geðþótta stjórnenda. Snæbjörn Áki bendir á að hluta vandans megi rekja til takmarkaðs eftirlits með þjónustu við fatlaða en auðvitað er þetta fyrst og síðast okkur öllum til skammar.

> **Snæbjörn Áki bendir á að hluta vandans megi rekja til takmarkaðs eftirlits með þjónustu við fatlaða en auðvitað er þetta fyrst og síðast okkur öllum til skammar.**

Árið 2007 undirritaði Ísland samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólk. Það tók Alþingi allt til síðasta árs að fullgilda samninginn, langsíðast allra Norðurlandaþjóða. Samningurinn hefur þó enn ekki verið lögfestur sem þýðir að þó svo að hann sé orðinn að skuldbindingu við önnur ríki þá geta einstaklingar ekki sótt rétt sinn samkvæmt honum fyrir íslenskum dómstólum. Það er því ekki furða að Snæbjörn Áki segi að líf fatlaðra snúist um að bíða og vona. Að bíða eftir úrbótum og vonast eftir því sem við hin lítum þrátt fyrir allt á sem sjálfsagðan rétt okkar allra.

## Halldór




Við erum komin í Hafnarfjörðinn
við hliðina á Bónus
gæludýr.is



## Frá degi til dags

**Dýrasti bjór í heimi**
**Íslendingar eru vanir gengissveiflum sem breyta kaupmætti okkar í útlöndum frá degi til dags. Því var soldið heimilislegt að heyra hávært tal tveggja ungra Breta um á bar um daginn. Annar sagði: Þetta er nú meira okrið, bjórglasið kostar tólf pund. Þetta hlýtur að vera dýrasti bjór í heimi. Hinn svaraði: Ef þú hefðir ekki kosið yfir þig Brexit þá hefði bjórinn bara kostað 8 pund og þú gengið héðan út sáttur. Gengi pundsins hefur nefnilega fallið um nærri þriðjung gagnvart krónunni á örfáum misserum. Við könnumst við hvað það gerir fyrir kaupmáttinn í útlöndum.**

**Ódýrasti bjór í heimi**
**Nú er gósentíð fyrir okkur í innkaupaferðum til Bretlands og langt síðan bjórinn í Bretlandi hefur verið jafn ódýr í íslenskum krónum talið. En þá kvarta útflutningsgreinarnar. Skiljanlega. Það er ekki nokkur leið að gera áætlanir um rekstur þegar uppgjörsmyntin styrkist um tugi prósenta gagnvart öllum helstu viðskiptamyntum á jafn stuttum tíma og raunin er. Svo tekur krónan dýfu aftur. Þá heyrist ekki múkk frá þeim sem hæst hafa núna. Stöðugt hagkerfi er algjör forsenda farsælla viðskipta til lengri tíma. Svo væri bjórinn á nokkuð stöðugu, eðlilegu verði – hvort sem er í Reykjavík eða London.**
**olof@frettabladid.is**

# Árangur í Vestur-Afríku



**Ragnar Schram**
framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi

Frá 2012 hefur örlítið brot af skattgreiðslum landsmanna farið í að hjálpa sárafátækum einstæðum foreldrum í Gíneu Bissá til fjárhagslegs sjálfstæðis. Fyrir vikið fá börn nú menntun sem áður sátu heima og börn sem áður fengu bara eina máltíð á dag fá nú oftar að borða.

Þessi hjálp var veitt undir merkjum Fjölskyldueflingar SOS Barnaþorpanna og fjármögnuð að fullu frá Íslandi. Auk framlags frá hérlendum stjórnvöldum (73%) studdu Fjölskylduvinir SOS hér á landi (27%) verkefnið með mánaðarlegum framlögum sínum.

**Góður árangur af verkefninu**
Verkefninu lauk í lok mars sl. og verður að segjast eins og er að það gekk vel. Það sýnir m.a. úttekt sem unnin var af óháðum íslenskum sérfræðingi.

Alls fengu 400 börn og foreldrar þeirra aðstoð í formi fræðslu, matvælagjafa, skólagjalda, heilbrigðisþjónustu, ráðgjafar o.fl. sem nýttist fjölskyldunum á leið þeirra til fjárhagslegs sjálfstæðis. Áður gátu foreldrarnir ekki séð fyrir daglegum þörfum barna sinna en að verkefni loknu gátu tveir þriðju foreldra mætt þeim þörfum óstuddir.

> **Alls fengu 400 börn og foreldrar þeirra aðstoð í formi fræðslu, matvælagjafa, skólagjalda, heilbrigðisþjónustu, ráðgjafar o.fl. sem nýttist fjölskyldunum á leið þeirra til fjárhagslegs sjálfstæðis.**

**Íslendingar hækki framlagið**
Íslendingar geta því gengið frá þessu verkefni með bros á vör, vitandi að framlög þeirra leiddu til góðs og hjálpuðu áþreifanlega börnum sem líðu skort vegna sárafátæktar. Og í nafni gagnsæis og trausts geta allir nálgast skýrslu áðurnefndrar úttektar auk ársreikninga samtakanna á vefsíðunni sos.is.

Í ljósi þess að Íslendingar hafa í áraraðir stutt markmið Sameinuðu þjóðanna um 0,7% framlag af vergum þjóðartekjum til þróunarsamvinnu er það von mín að Íslendingar, með stjórnvöld í broddi fylkingar, sýni hug sinn í verki og hækki hlutfallið úr þeim 0,26% sem við nú virðumst föst í.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Krosslafur

## Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson

Góð myndin framan á Fréttablaðinu síðastliðinn fimmtudag: Ólafur Ólafsson situr gneypur en Vilhjálmur Bjarnason, fyrrum aðjúnkt og nú þingmaður, stendur og þrumar yfir honum. Atburðahönnuðir Ólafs hafa kannski ekki séð fyrir sér þessa mynd sem sýnir breytt valdahlutföll í samfélaginu frá Hruni. Hér fer ekki á milli mála hvor hefur undirtökin í samskiptunum. Og af sem áður var: Á sínum tíma stjórnuðu banksterar á borð við Ólaf landinu, fjármögnuðu stóru flokkana þrjá – og valda frambjóðendur sem stóðu en einkum sátu eins og auðmennirnir vildu. Og fáir hlustuðu á Vilhjálm Bjarnason þegar hann gagnrýndi sýndarviðskipti og aðra markaðsmisnotkun; einhver aðjúnkt …

### Undarleg uppákoma

Fundur stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar alþingis með Ólafi í síðustu viku var auðvitað stórfurðuleg uppákoma og einkennileg þjónusta við mann sem áður hafði sýnt rannsókn nefndarinnar á sölu Búnaðarbankans algjöra forakt. Nærtækast hefði verið að segja manninum að þessi strætó væri löngu farinn. Fundurinn var augljóslega sjónarspil inni í sápukúlunni sem Ólafur virðist svífa um í og blásin er jafnharðan af kappsömum starfsmönnum á góðu kaupi við það. En samt var fundurinn merkilegur fyrir þá sök að þar mætti gerandi í Hruninu í fyrsta sinn kjörnum fulltrúum almennings til að gera grein fyrir sínu máli; og fjölmiðlar fylgdust með.

Samtal er alltaf gott og svona hefði líka mátt haga uppgjörinu við Hrunið eftir útkomu rannsóknarskýrslu alþingis – ekki til að niðurlægja menn heldur til að reyna að fá þá til að aflétta þessari endalausu leynd kringum allt sitt bauk og segja frá eignarhaldsfélögunum, krosstengslunum og aflöndunum sínum – horfast í augu við gerðir sínar og afleiðingar þeirra. Lögfræðin er of takmörkuð til að gera upp sakir í svo stórum málum. Eins og Landsdómsmálið sýndi áttu Hrunmál aldrei að vera aðeins í lögformlegum farvegi dómskerfisins, sem nær ekki utan um nema hluta þeirra – þau brot sem ógyggjandi er hægt að hanka menn á; jafnvel aftur og aftur, sem Mannréttindadómstóll Evrópu er nú farinn að benda á að ekki gangi. Hrunmálin geyma siðferðileg álitamál, grundvallarmál sem varða lífsviðhorf og hreinlega rétt og

> Daginn sem Ólafur kemur fyrir þjóðina og segir satt – segir frá öllum fléttunum og baksamningunum, gerir grein fyrir máli sínu, og unir þeim dómi sem hann hefur fengið í réttarkerfinu og hjá almenningi – þá getur hann endurheimt sæmd sína.

rangt: eru fjármálaklækir á borð við Lundafléttuna siðferðislega verjandi?

Eftir allt saman er vandséð að þetta sjónarspil hafi skilað Ólafi tilætluðum árangri. Umkvörtun hans – og lögmanns hans í Morgunblaðsgrein – að hann hafi ekki notið andmælaréttar vegna Lundaskýrslunnar er fráleit og hláleg frá manni sem þóttist yfir það hafinn að tala við skýrsluhöfunda.

Sú staðhæfing hans að ekki hafi skipt máli við söluna á Búnaðarbankanum að þar væri „virtur erlendur banki“ að kaupa er einfaldlega röng eins og við munum sem fylgdumst með fréttum af þessum kaupum og skýrslan leiðir líka í ljós, svo að hafið er yfir vafa, að þýski bankinn, sem mér finnst alltaf að hafi heitið Hocheimer Daubhause, var eingöngu sýndareigandi.

### Is it true?

Þessi málatilbúnaður er svo aumur að minnir á tilraunirnar til að búa til allt annan Óla úr sjálfum sér í öðrum málum. Í þessu máli mætti okkur svo enn einn Ólafur, og mætti ef til vill leita í smiðju til Helga heitins Hóseassonar til að finna þeim nafn sem hér birtist þjóðinni í hvítri skyrtu á skjánum: Krosslafur.

Hann er hinn ofsótti og misskildi viðskiptamaður sem látinn er bera syndir heimsins burt fyrir það sem var öðrum að kenna. „Ég sit með kaleikinn,“ var haft eftir honum „og með alla öskupokana á bakinu“. Þetta er myndrænt og dramatískt: hann er eins og Kristur sem bað Drottin um að taka frá sér þann kaleik að þurfa að fórna sér fyrir mannkyn á krossinum – en lét sig þó hafa það – en um leið með alla öskupokana á bakinu. Þar með verður hann bæði tragískur og brjóstumkennanlegur þar sem hann gengur fyrir nefndina til að vera skammaður þar eins og hundur af einhverjum aðjúnkt …

Sjálfur var ég bara í Kringlunni meðan á þessu gekk, að bíða eftir manni og fylgjast með mannlífinu. Fólkið rölti milli búða og það var letileg og ánægjuleg stemmning í loftinu. Þægileg. Í græjunum var ekki þessi venjulega stressknúna kauphvatarmúsík heldur Jóhanna Guðrún að syngja Is it true? og vaknaði fyrir hugskotssjónum manns innilegur og látlaus flutningur hennar, þegar hún fór út fyrir hönd lands og þjóðar, eftir öll ósköpin sem hér höfðu gengið á í Hruninu og spurði: „Er það satt? Er allt búið? Klúðraði ég öllu?“ Og hvað gátu Evrópuþjóðirnar sagt? „Já, það er satt, en við hljótum að geta fundið út úr þessu …“

Hún söng satt. Daginn sem Ólafur kemur fyrir þjóðina og segir satt – segir frá öllum fléttunum og baksamningunum, gerir grein fyrir máli sínu, og unir þeim dómi sem hann hefur fengið í réttarkerfinu og hjá almenningi – þá getur hann endurheimt sæmd sína. Hún verður ekki keypt og ekki sviðsett.







# Matur og miðlar

– ímynd íslenskra matvæla á netinu

Icelandair hótel Reykjavík Natura 23. maí kl. 10-12

Íslandsstofa boðar til opins fundar um mikilvægi vef- og samfélagsmiðla í markaðsstarfi í matvælageiranum. Kynnt verður greining á sýnileika íslenskra matvæla á netinu, fjallað um leiðir til að auka vitund og áhuga á íslenskum matvælum og matarmenningu á erlendum vettvangi, skoðuð dæmi um góðan árangur o.fl.

Nánari upplýsingar og skráning á vef Íslandsstofu,
**www.islandsstofa.is**

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND



EKKI VELJA HVAÐ SEM ER FRÁ HVERJUM SEM ER

Veljum Svansmerkta þjónustu og vörur sem eru framleiddar í sátt við umhverfið. Það er það minnsta sem við getum gert.

svanurinn.is

UMHVERFIS STOFNUN







## KANARÍ 14.–21. JÚNÍ

**BUNGALOWS PARQUE CRISTOBAL *****

VERÐ FRÁ **84.805 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í „kid suite" smáhýsi með tveimur svefnherbergjum. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 103.700 kr.




## KANARÍ 21.–28. JÚNÍ

**HOTEL IFA BUENAVENTURA *****

VERÐ FRÁ **76.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 88.200 kr.



## KANARÍ 28. JÚNÍ – 5. JÚLÍ

**BARBACAN SOL ******

VERÐ FRÁ **86.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi og morgunverði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 98.200 kr.




## KANARÍ 14.–28. JÚNÍ 2 VIKUR

**HOTEL IFA BUENAVENTURA *****

VERÐ FRÁ **104.700 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 125.300 kr.



## TENERIFE 1.–7. JÚNÍ

**FLAMINGO BEACH MATE *****

VERÐ FRÁ **80.200 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 103.200 kr.




## TENERIFE 13.–24. JÚLÍ

**THE SUITES AT BEVERLY HILLS *****

VERÐ FRÁ **99.500 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíóíbúð. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 133.900 kr.

**INNIFALIÐ Í VERÐI ER FLUG, SKATTAR, FERÐATASKA, HANDFARANGUR, GISTING OG ÍSLENSK FARARSTJÓRN**

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.

ÚRVAL ÚTSÝN



# eyjarnar og Tenerife

TASTI VATNSRENNIBRAUTAGARÐUR
ENDUR, NÁTTÚRA OG ÚTVIST Á
LIKVARÐA.




## KANARÍ 23.–30. ÁGÚST

**APARTAMENTOS TENEGUIA ★★**

VERÐ FRÁ **58.500 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi og sundlaugarsýn. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 70.900 kr.




## KRAKKAKLÚBBUR Á KANARÍ

STARFRÆKTUR Á TÍMABILINU 14. JÚNÍ – 9. ÁGÚST

**CORONA BLANCA ★★**

VERÐ FRÁ **61.900 KR.**

Skemmtilegur krakka- og íþróttaklúbbur verður í sumar á Gran Canaria. Þessi klúbbur er í boði fyrir allar fjölskyldur sem gista á Corona Blanca og verður hinn hressi og hæfileikaríki íþróttafræðingur Guðni Páll Kárason með krökkunum meðan á dvöl stendur. Bókaðu hjá okkur á tímabilinu 14. júní til 9. ágúst á hótel Corona Blanca og slakaðu á í fríinu meðan börnin skemmta sér með Guðna. Krakka- og íþróttaklúbburinn er innifalinn í verði.

NÁNAR Á **UU.IS/KRAKKAKLUBBUR**




## TENERIFE 22. JÚNÍ – 3. JÚLÍ

**PALM BEACH TENERIFE ★★**

VERÐ FRÁ **93.050 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíóíbúð. Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 130.090 kr.

TAKMARKAÐUR SÆTAFJÖLDI!

# RAUÐIR DAGAR

SÓLARTILBOÐ Á VÖLDUM BROTTFÖRUM
Á UU.IS/RAUDIR

**Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is**




Valsmenn fagna Íslandsmeistaratitlinum. Með honum krónuðu þeir frábært tímabil þar sem þeir urðu einnig bikarmeistarar og komust í undanúrslit Áskorendabikars Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bræðurnir sem eru hjartað í vörninni

**Valur varð Íslandsmeistari í 22. sinn í sögu félagsins í gær. Varnarleikur á heimsmælikvarða og einstök markvarsla skóp sigur á FH í oddaleik í troðfullum Kaplakrika. Bræðurnir Orri Freyr og Ýmir Örn Gíslasynir voru frábærir í vörninni og leiddu Valsmenn til sigurs.**

Hull kvaddi ensku úrvalsdeildina í bili með niðurlægjandi 1-7 tapi fyrir Tottenham á heimavelli. Tígrarnir voru á góðri leið með að bjarga sér en gáfu mikið eftir á lokasprettinum og enduðu á því að falla í þriðja sinn á síðustu átta árum. Hull er því enn og aftur komið á byrjunarreit.

## Leikmaður helgarinnar



Harry Kane skoraði þrennu þegar Tottenham rústaði Hull City, 1-7, í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar í gær. Það er óhætt að segja að Kane hafi klárað tímabilið með stæl. Hann skoraði fernu í 1-6 sigri Tottenham á Leicester City á fimmtudaginn og skoraði því sjö mörk í síðustu tveimur leikjum tímabilsins.

Kane tryggði sér gullskóinn með þessum magnaða endaspretti á tímabilinu. Hann skoraði alls 29 mörk í 31 deildarleik, fjórum mörkum meira en Romelu Lukaku hjá Everton. Arsenal-maðurinn Alexis Sánchez varð þriðji með 24 mörk.

Kane varð einnig markakóngur í fyrra en þá skoraði hann 25 mörk. Hann varð þar með fyrsti Englendingurinn sem verður markakóngur tvisvar í röð síðan Michael Owen afrekaði það tímabilin 1997-98 og 1998-99.

Kane hefur núna skorað 76 mörk í 116 leikjum í ensku úrvalsdeildinni sem er frábær árangur.

# Ungu kylfingarnir réðu ríkjum

**GOLF** Hinn 19 ára gamli Fannar Ingi Steingrímsson, GHG, hrósaði sigri á Egils Gullmótinu í golfi sem lauk á Hólmsvelli í Leiru í gær. Mótið er það þriðja á Eimskipsmótaröðinni á keppnistímabilinu.

Þetta var fyrsti sigur Fannars Inga á Eimskipsmótaröðinni á ferlinum. Hann lék fyrsta hringinn á einu höggi yfir pari en lék svo frábært golf á öðrum hring og fór hann á fimm höggum undir pari. Fannar Ingi lék á einu höggi undir pari á þriðja hringnum í gær og tryggði sér sigurinn.

Fannar Ingi var þremur höggum á undan Dagbjarti Sigurbrandssyni og Ingvari Andra Magnússyni. Þeir eru aðeins 14 og 17 ára gamlir svo það má segja að fulltrúar yngri kynslóðarinnar hafi slegið í gegn á mótinu.

Í kvennaflokki varð Berglind Björnsdóttir, GR, hlutskörpust. Þetta var fimmti sigur hennar á Eimskipsmótaröðinni á ferlinum.

Berglind byrjaði mótið ekki vel og var á fimm höggum yfir pari og sex höggum á eftir Ragnhildi Kristinsdóttur eftir fyrsta hringinn.

Á öðrum hringnum snerist dæmið við; Ragnhildur lék á sex höggum yfir pari á meðan Berglind fór hringinn á einu höggi undir pari og kom sér í forystu fyrir lokahringinn.

Berglind lék hann á tveimur höggum yfir pari og endaði því á sex höggum yfir pari, þremur höggum á undan Ragnhildi. Saga Traustadóttir endaði í 3. sæti á 14 höggum yfir pari.

Næsta mót fer fram þann 2.-4. júní næstkomandi á Hamarsvelli í Borgarnesi áður en Íslandsmótið í holukeppni í Vestmannaeyjum og Íslandsmótið í höggleik á Hvaleyrinni tekur við. – iþs



Fannar Ingi Steingrímsson kom, sá og sigraði á Egils Gullmótinu. MYND/GSÍ/SETH

**» Þetta var fyrsti sigur Fannars Inga á Eimskipsmótaröðinni.**

## Nýjast

### Olís-deild karla, lokaúrslit

**FH - Valur 20-27**

**FH:** Ásbjörn Friðriksson 6/3, Gísli Þorgeir Kristjánsson 4, Einar Rafn Eiðsson 3, Ágúst Birgisson 2, Óðinn Þór Ríkharðsson 1, Jóhann Karl Reynisson 1, Arnar Freyr Ársælsson 1, Ísak Rafnsson 1, Jóhann Birgir Ingvarsson 1.

**Valur:** Josip Juric Grgic 5, Anton Rúnarsson 4, Ólafur Ægir Ólafsson 4, Heiðar Þór Aðalsteinsson 3/3, Vignir Stefánsson 3, Sveinn Aron Sveinsson 2, Alexander Örn Júlíusson 2, Ýmir Örn Gíslason 2, Orri Freyr Gíslason 1, Atli Karl Bachmann 1.

### Pepsi-deild kvenna

**Stjarnan - Grindavík 4-1**

1-0 Ana V. Cate (11.), 2-0 Cate (18.), 3-0 Anna María Baldursdóttir (26.), 3-1 Linda Eshun (46.), 4-1 Katrín Ásbjörnsdóttir, víti (51.).

**Fylkir - Valur 0-2**

0-1 Margrét Lára Viðarsdóttir, víti (53.), 0-2 Elín Metta Jensen (76.).

**ÍBV - FH 1-0**

1-0 Kristín Erna Sigurlásdóttir (35.).

**KR - Þór/KA 0-2**

0-1 Anna Rakel Pétursdóttir (62.), 0-2 Sandra Stephany Mayor Gutierrez (81.).

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Þór/KA | 5 | 5 | 0 | 0 | 10-1 | 15 |
| Stjarnan | 5 | 4 | 1 | 0 | 15-4 | 13 |
| Breiðablik | 5 | 4 | 0 | 1 | 9-2 | 12 |
| ÍBV | 5 | 3 | 1 | 1 | 7-5 | 10 |
| FH | 5 | 3 | 0 | 2 | 7-3 | 9 |
| Valur | 5 | 2 | 0 | 3 | 7-7 | 6 |
| Grindavík | 5 | 2 | 0 | 3 | 4-10 | 6 |
| Fylkir | 5 | 1 | 0 | 4 | 2-10 | 3 |
| KR | 5 | 0 | 0 | 5 | 1-8 | 0 |
| Haukar | 5 | 0 | 0 | 5 | 3-15 | 0 |

## Nýjast

### Pepsi-deild karla

**Víkingur Ó. - ÍBV 0-3**

0-1 Alvaro Montejo Calleja (22.), 0-2 Tomasz Luba, sjálfsmark, 0-3 Arnór Gauti Ragnarsson (90+2.).

**Víkingur R. - Breiðablik 2-3**

0-1 Hrvoje Tokic (16.), 1-1 Arnþór Ingi Kristinsson (51.), 1-2 Davíð Kristján Ólafsson (69.), 1-3 Michee Efete (73.), 2-3 Dofri Snorrason (90+3.).

**Stjarnan - KA 2-1**

1-0 Guðjón Baldvinsson (22.), 1-1 Ásgeir Sigurgeirsson (41.), 2-1 Eyjólfur Héðinsson (90+7.).

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjarnan | 4 | 3 | 1 | 0 | 12-4 | 10 |
| Valur | 3 | 2 | 1 | 0 | 7-3 | 7 |
| KA | 4 | 2 | 1 | 1 | 8-5 | 7 |
| ÍBV | 4 | 2 | 1 | 1 | 4-5 | 7 |
| KR | 3 | 2 | 0 | 1 | 5-4 | 6 |
| FH | 3 | 1 | 2 | 0 | 7-5 | 5 |
| Grindavík | 3 | 1 | 1 | 1 | 5-6 | 4 |
| Fjölnir | 3 | 1 | 1 | 1 | 1-2 | 4 |
| Víkingur R. | 4 | 1 | 0 | 3 | 5-7 | 3 |
| Breiðablik | 4 | 1 | 0 | 3 | 5-9 | 3 |
| Víkingur Ó. | 4 | 1 | 0 | 3 | 4-8 | 3 |
| ÍA | 3 | 0 | 0 | 3 | 5-10 | 0 |

### Inkasso-deildin

| | |
|---|---|
| Þróttur R. - Þór | 2-1 |
| Leiknir F. - HK | 1-3 |
| Selfoss - Grótta | 0-1 |
| Leiknir R. - Fram | 2-2 |
| Haukar - ÍR | 1-1 |
| Fylkir - Keflavík | 1-1 |

**Staða efstu liða:**

Fylkir 7, Selfoss 6, HK 6, Þróttur 6, Keflavík 5,Fram 5, Haukar 5




## Merkisatburðir

**334 f. Kr.** Her Alexanders mikla sigrar Daríus III Persakonung í orrustunni um Granikus.

**1570** Fyrsti heimsatlasinn, Theartum Orbis Terranum, er gefinn út á 70 síðum.

**1809** Napóleón tapar orrustunni um Aspern-Essling. Þetta er í fyrsta sinn sem her Napóleons lýtur í gras.

**1840** Flutningi breskra fanga til nýlendunnar Nýju Suður Wales, síðar Ástralíu, er hætt.

**1849** Norðurreið Skagfirðinga. Hópur skagfirskra bænda ríður til Möðruvalla til að mótmæla embættisfærslu amtmanns.

**1906** Wright-bræður fá einkaleyfi fyrir fyrstu flugvélinni.

**1927** Jarðskjálfti, 8,3 að styrk, ríður yfir Xining í Kína. Talið er að rúmlega 200 þúsund hafi látist.

**1967** 323 farast og 150 særast í bruna í verslun L'Innovation í Belgíu. Þetta er mannskæðasti bruninn í sögu Belgíu.

**1973** Richard Nixon játar þátt sinn í Watergate-hneykslinu.

**1982** Sjálfstæðisflokkurinn vinnur borgina á nýja leik eftir að hafa tapað henni fjórum árum áður.

**1990** Norður- og Suður-Jemen sameinast í eitt ríki.

**1996** Búrmíski herinn myrðir 71 stuðningsmann Aung San Suu Kyi sem boðað höfðu til fundar til að mótmæla herforingjastjórninni.



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur M. Guðmundsson**

fv. aðstoðaryfirlögregluþjónn
Bláskógum 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 16. maí.Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 24. maí kl. 13.

**Guðrún Jónsdóttir**
**Magnús Fjalar Guðmundsson** **Bryndís Friðriksdóttir**
**Fjölnir Guðmundsson** **Trine Houmøller**
**Erna Guðmundsdóttir** **Halldór Magnússon**
**og barnabörn**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi,

**Elías Arason**

frá Valstrýtu í Fljótshlíð,
til heimilis á Hrafnistu í Hafnarfirði,
áður Hellisgötu 19,

lést 17. maí og verður jarðsunginn
frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 23. maí kl. 11.

**Guðný S. Elíasdóttir** **Guðmundur Grétar Bjarnason**
**Sigurður Ari Elíasson** **Sigríður Ágústsdóttir**
**Erna Björk Elíasdóttir** **Gissur Skarphéðinsson**
**barnabörn, langafabörn, langalangafabörn.**



✝

Útför okkar ástkæru

**Ástu Ólafsdóttur**

Hólmgarði 40, Reykjavík,

sem lést fimmtudaginn 11. maí sl. fer
fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn
23. maí kl. 15.

**Margrét Stefánsdóttir Nilsen** **Halvor Nilsen**
**Sigurbjörg Stefánsdóttir** **Jens G. Guðmundsson**
**Ólafur Stefánsson** **Mjöll Björgvinsdóttir**
**Ásta Birna Stefánsdóttir** **Gunnar A. Traustason**
**Hugrún Stefánsdóttir** **Stefán A. Stefánsson**
**Heiða Ósk Stefánsdóttir** **Kristinn Brynjólfsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



Íslensku krakkarnir á ferð um Transilvaníu í fyrra en það reyndist hið mesta ævintýri. MYND/ARNHEIÐUR INGIMUNDARDÓTTIR

# Fræðast um fuglalífið í fimm Evrópulöndum

**Hópur ungmenna í Grandaskóla hefur undanfarin tvö ár tekið þátt í Erasmus+ verkefni sem snýr að námsefnisgerð um fugla og fuglaskoðun. Verkefnið hefur fært þau víða um heim en í vikunni taka þau á móti krökkum sem þau höfðu heimsótt áður.**

Hópur ungmenna frá Transilvaníu, Ungverjalandi, Katalóníu, Þýskalandi og Póllandi dvelst á Íslandi í vikunni til að læra um íslenska fugla. Krakkarnir eru hér í tengslum við þriggja ára Erasmus+ verkefni sem Grandaskóli hefur tekið þátt í.

„Þetta er samstarfsverkefni þessara landa sem snýr að fuglum og fuglaskoðun. Krakkarnir kynnast fuglum ólíkra landa og vinna verkefni í tengslum við það,“ segir Arnheiður Ingimundardóttir, kennari við Grandaskóla. Hún hefur veg og vanda af verkefninu.

Alls eru 22 börn á aldrinum tíu til þrettán ára í heimsókn á landinu núna. Stórum parti vikunnar verður varið á Seltjarnarnesi að skoða fuglalífið þar en á döfinni er einnig skoðunarferð um Suðurlandið. Krakkarnir úr Grandaskóla hafa einnig heimsótt flest hinna landanna en þau eiga eina utanlandsferð eftir í haust.

„Við fengum styrkinn árið 2015 og höfum unnið að verkefninu síðan þá. Það snýst um námsefnisgerð um fugla sem er ólíkt flestum öðrum verkefnum sem snúa oft aðallega að samskiptunum. Við erum núna að kenna frumgerð af efninu en það verður síðan gefið út á næsta ári,“ segir Arnheiður.

Hún segir að börnin hafi lært margt á verkefninu. Stór hluti sé auðvitað náttúru- og líffræðitengdur enda fókusinn á fuglunum. Öll samskipti séu meira og minna á ensku svo tungumál tvinnast saman við og að endingu læra þau heilmikið um landafræði og löndin sem þau heimsækja.

Líkt og áður segir hafa börnin ferðast nokkuð í tengslum við verkefnið. Arnheiður segir að eftirminnilegast hafi verið að ferðast til Transilvaníu. Flogið var til Parísar, þaðan til Búdapest og svo áfram til Jasperin. Þaðan var tólf tíma rútuferð til þorpsins Jasperin í Transilvaníu.

„Íbúar þorpsins eru ungverskur minnihlutahópur sem lokaðist eiginlega inni í Rúmeníu en lítur á sig sem Ungverja. Krakkarnir lýstu bænum sem hrærigraut 17. og 21. aldar. Húsin voru gömul, hestvagnar voru um allt og allt var meira og minna sjálfsþurftarbúskapur. Maturinn var allur ræktaður á staðnum. Þrátt fyrir það voru allir með síma og nettengdir,“ segir Arnheiður. „Það var mikil upplifun.“

Verkefninu lýkur á næsta skólaári með síðustu utanlandsferð krakkanna og því að fullgerðum námsgagnapakka verður skilað. Mun hann innihalda á þriðja tug kennslustunda í náttúrufræði.

johannoli@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 22. MAÍ 1702

## Útgáfa erindisbréfs vegna manntalsins

Í dag eru 315 ár liðin frá því að erindisbréf var gefið út til gerðar manntals á Íslandi. Manntalið var unnið af þeim Árna Magnússyni og Páli Vídalín en þeim hafði verið falið að rannsaka hag landsins og gera tillögur um hvað mætti betur fara. Í erindisbréfinu var einnig kveðið á um að búfé skyldi talið.

Þegar hver einasti prestur, bóndi, hreppsómagi, vinnumaður og hvað annað sem menn voru á þeim tíma, hafði verið talinn kom í ljós að Íslendingar voru alls 50.358. Nöfn þeirra voru skrifuð niður á rúmlega 1.700 blaðsíður en á þeim tíma þótti það gífurlegt pappírsmagn.

Manntalið er hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og hið fyrsta í veröldinni þar sem heil þjóð var talin af slíkri nákvæmni. Það var geymt í hirslum Dana til 1921 en þá var það flutt til Íslands. Sex árum síðar varð það eign Íslendinga. Það var tekið inn á heimsminjaskrá UNESCO 18. júní 2013. Fyrr á þessu ári kom út veglegt rit um manntalið í tilefni af 135 ára afmæli Þjóðskjalasafnsins.



Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður með ritið Manntalið 1703 sem er nýkomið út. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR


20 ÁRA
LIFANDI VÍSINDI
KOMDU MEÐ Í FERÐALAG UM ÆVINTÝRAHEIMA VÍSINDANNA!
www.visindi.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Ákveðin austanátt syðst á landinu í dag, en annars hægari vindur. Dálítil væta sunnan- og austanlands, en norðan- og vestanlands verður áfram nokkuð bjart. Hiti 6 til 18 stig, hlýjast í innsveitum norðan- og vestanlands.




## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 11° | 11° |
| ↖7 | ↑3 | ↖5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 9° | 6° |
| ↖5 | ←9 | ↖6 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 7° | 11° |
| ↖4 | ↙4 | ↘3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 13° | 9° | 4° |
| →3 | ↗4 | ↑4 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | 5 | | | | | |
| | 9 | | | | 4 | 8 | 6 | |
| | 4 | 7 | | 8 | 3 | 9 | | |
| 7 | | | | 9 | 6 | | 3 | |
| | 3 | | 1 | | 2 | | | |
| 8 | 5 | | | 4 | 7 | | 2 | |
| | | 4 | | | | | 8 | 7 |
| | | | | 7 | 1 | | 5 | |
| 1 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | 9 | 5 | | |
| 7 | | | 4 | | | | | 3 |
| | 9 | | | | 1 | 4 | | 7 |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 3 | | | 7 | | 5 | | 2 | 1 |
| | | | | | 2 | | | |
| | 1 | 4 | 8 | | | | 5 | 9 |
| | | 5 | 2 | | 4 | | | 6 |
| | 8 | | | | 6 | | 3 | 4 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 3 | | | | 9 | |
| | | | | 6 | | | | 7 |
| | | | 9 | 2 | 4 | | | 6 |
| | | | | | 5 | 3 | | |
| 9 | | | 4 | 1 | 8 | | | |
| 7 | | | | 9 | | | 8 | 2 |
| | | 4 | | | | 7 | | 1 |
| | 7 | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 2 | 9 | 8 | 4 | 6 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 9 | 3 | 1 |
| 5 | 7 | 9 | 1 | 3 | 6 | 4 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 9 | 4 |
| 1 | 5 | 4 | 3 | 2 | 9 | 8 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 6 | 4 | 1 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 1 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 | 4 | 8 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 9 | 3 |
| 1 | 9 | 2 | 7 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 4 | 3 | 6 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 | 6 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 4 | 7 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 1 | 4 | 3 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 1 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 |
| 7 | 8 | 2 | 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 1 | 9 | 2 | 6 | 3 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 8 | 3 | 4 | 5 | 1 |
| 3 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 4 |
| 6 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 7 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hæfileika
6. umhverfis
8. mælieining
9. útdeildi
11. tveir eins
12. mælieining
14. vinna
16. átt
17. beiskur
18. hundur
20. svörð
21. truflun

**LÓÐRÉTT**
1. veltingur
3. í röð
4. vörurými
5. dýrahljóð
7. naggrís
10. ílát
13. blaður
15. sefa
16. hlóðir
19. bókstafur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** um, **8.** bar, **9.** gaf, **11.** rr, **12.** gramm, **14.** starf, **16.** sv, **17.** súr, **18.** tík, **20.** mó, **21.** ónáð.
**LÓÐRÉTT: 1.** rugg, **3.** áb, **4.** farrúm, **5.** urr, **7.** marsvín, **10.** fat, **13.** mas, **15.** fróa, **16.** stó, **19.** ká.

## Skák Gunnar Björnsson

Guðmundur Kjartansson (2.437) átti leik gegn Héðni Steingrímssyni (2.562) í lokaumferð Íslandsmótsins í skák í Hafnarfirði.
**Hvítur á leik**
**48. e6! Rxe6 49. Bf7+ Kh7 50. Bxe6** og hvítur vann skömmu síðar. Með sigrinum tryggði Guðmundur sér Íslandsmeistaratitilinn. Frábærlega vel tefld skák af hálfu Guðmundar. Héðinn varð annar og Dagur þriðji.
**www.skak.is:** Allt um Íslandsmótið.











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 35. STARFSÁR



J.S. BACH

# MESSA Í H-MOLL

Í HALLGRÍMSKIRKJU 10. OG 11. JÚNÍ 2017 KL. 17







**HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Í TILEFNI AF 35 ÁRA AFMÆLI MÓTETTUKÓRSINS**

H-moll messan er eitt af mögnuðustu stórvirkjum tónlistarsögunnar og ávallt mikill viðburður þegar verkið er flutt á tónleikum. Verkið gerir afar miklar kröfur til kórsöngvara enda fullt af glæsilegum og fjölbreyttum kórköflum sem félagar Mótettukórsins njóta þess að glíma við á ný, en síðasti flutningur kórsins á messunni fyrir réttum áratug fékk fimmstjörnu dóma.

**FLYTJENDUR:**

Mótettukór Hallgrímskirkju
Hannah Morrison sópran
Alex Potter kontratenór
Elmar Gilbertsson tenór
Oddur Arnþór Jónsson baríton
Alþjóðlega barokkhljómsveitin í Hallgrímskirkju
Stjórnandi: Hörður Áskelsson



Miðasala í Hallgrímskirkju sími 510 1000 og á midi.is - miðaverð 9.500 fyrir úrvalssæti og 5.900 fyrir almenn sæti.

Reykjavíkurborg

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

ROOM WITH A VIEW

midi.is

Nánari upplýsingar á motettukor.is og listvinafelag.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar




SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| A FEW LESS MEN | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| KING ARTHUR 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| KING ARTHUR 2D VIP | KL. 8 - 10:40 |
| SPARK ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| SNATCHED | KL. 8 - 10:10 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D VIP | KL. 5:10 |
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 10:10 |
| GOING IN STYLE | KL. 8 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:30 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| A FEW LESS MEN | KL. 5:30 - 8 - 10:10 |
| ALIEN: COVENANT | KL. 5:20 - 8 - 10:35 |
| KING ARTHUR 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 5:20 - 7:40 - 10:30 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| A FEW LESS MEN | KL. 8 |
| ALIEN: COVENANT | KL. 8 - 10:40 |
| KING ARTHUR 2D | KL. 10:10 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| KING ARTHUR 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SPARK ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 6 - 9 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D | KL. 8 - 10:50 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| A FEW LESS MEN | KL. 8 |
| KING ARTHUR 2D | KL. 10:50 |
| KING ARTHUR 3D | KL. 10:05 |
| SPARK ÍSL TAL | KL. 6 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 5:10 - 8 |





# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 22. MAÍ 2017

### Námskeið

**Hvað?** Blue Flower með námskeið
**Hvenær?** 19:30
**Hvar?** Tónskóli Sigursveins
Hljómsveitin Blue Flower frá Balkanskaga, sem stödd er hér á landi vegna tónleika í Fríkirkjunni á morgun, upp á ókeypis námskeið í hugleiðslu og tónlist. Aðgangur ókeypis.

### Uppákomur

**Hvað?** Síðasta uppboð vetursins
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Gallerí Fold
Síðasta listmunauppboð Gallerís Foldar þennan veturinn verður haldið í kvöld. Á uppboðinu verða ríflega eitt hundrað listaverk af ýmsum toga. Má þar m.a. nefna gullfallegt málverk eftir Þorvald Skúlason af börnum við leik frá um 1940 sem og nokkur verk eftir Ásgrím Jónsson, bæði vatnslitamyndir og olíumálverk.



**Síðasta listmunauppboð vetrarins í Gallerí Fold er í kvöld. Yfir hundrað listaverk verða boðin upp.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR


BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19




| | |
|---|---|
| Everybody Wants Some!! | 17:45, 20:00 |
| Á Nýjum Stað | 18:00 |
| Heima | 18:00 |
| The Shack | 20:00 |
| Hross í Oss | 20:00 |
| Genius | 22:15 |
| La La Land | 22:30 |
| Hjartasteinn | 22:00 |




ISI ICELAND SEAFOOD INTERNATIONAL

# AÐALFUNDUR

## ICELAND SEAFOOD INTERNATIONAL HF.

verður haldinn þann 13. júní 2017 kl. 9.00 á Hilton Reykjavik Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavik.

**DAGSKRÁ FUNDARINS:**

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á árinu 2016.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning endurskoðanda félagsins.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

**Ítarlegri upplýsingar um efni fundarins eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins; http://www.icelandseafood.com/Investors**




**Ingvar E. Sigurðsson tekur þátt í leiklestri í Mengi í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Hvað?** Kynning – Lærðu að elska þig
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Heilsa og Spa, Ármúla 9
Allir eru velkomnir á fyrirlesturinn Lærðu að elska þig sem er árangursrík viðtalsmeðferð sem brýtur upp gamlar venjur og kennir þér að elska þig eins og þú ert. Þerapían hentar öllum alveg sama hvort þú sækist eftir að verða stórkostlegri og ganga betur í lífinu eða þarft hjálp við að takast á við áföll eða vinna úr eða heila æsku þína.

**Hvað?** Bláklukkur fyrir háttinn – Leiklestur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Bláklukkur fyrir háttinn eftir Hörpu Arnardóttur. Leiklestur verður í kvöld og leikarar eru Kristbjörg Kjeld, Ingvar E. Sigurðsson og Harpa Arnardóttir. Miðaverð er 2.000 krónur. Bláklukkur fyrir háttinn leikur á mörkum hversdagslegs raunsæis og ljóðrænu. Smávægilegir hlutir eins og lyklar og skrár fá djúpstæðari og margræðari merkingu þegar persónur verksins stíga inn í íbúð látinnar konu, heim sem er þeim bæði kunnuglegur og óþægilega framandi. Verkið fjallar um dauðann í lífinu og lífið í dauðanum. Þrána, missinn og hina horfnu ást.




HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

# FERÐAVAGNA-SKOÐUN

**FRUMHERJI SKOÐAR FERÐAVAGNA Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM Á HÖFUÐ-BORGARSVÆÐINU.**




Frumherji
www.frumherji.is
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is




Dreymir þig um að flytja til útlanda? Í skemmtilegri þáttaröð heimsækir Lóa Pind íslenskar fjölskyldur sem létu drauminn rætast og leituðu á nýjar slóðir. Í þessum þætti kynnumst við vélaverkfræðingi sem ákvað að flytja til Stuttgart og skemmtilegri snapchat-drottningu sem fann sér franskan kærasta.

**MAGNAÐ**
MÁNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365



Spennuþáttur

**CARDINAL**

Magnaðir spennuþættir þar sem rannsóknarlögreglumennirnir John Cardinal og Lise Delorme freista þess að leysa sérlega flókið og ofbeldisfullt sakamál. Hins vegar gætu leyndarmál Cardinals úr fortíðinni stofnað rannsókninni og um leið ferli hans í hættu.

**THE PATH**

Stórgóðir þættir um Eddie Lane sem hrífst af kenningum sértrúarsafnaðar en það er ekki alltaf einfalt að fylgja sannfæringu sinni.



**VICE**

Ferskir og vandaðir fréttaþættir frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.



**AMERICAN SNIPER**

Sönn saga bandaríska hermannsins og leyniskyttunnar Chris Kyle sem staðfest er að hafi orðið að minnsta kosti 160 óvinum í Írak að bana.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is




# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Tommi og Jenni
**07.45** The Middle
**08.10** 2 Broke Girls
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Who Do You Think You Are
**11.05** The Comeback
**11.35** The Big Bang Theory
**12.00** Project Greenlight
**12.35** Nágrannar
**13.00** Britain's Got Talent
**14.55** Britain's Got Talent
**16.00** Britain's Got Talent
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** **Brother vs. Brother** Frábærir þættir með þeim bræðrum Jonathan og Drew sem hvor um sig fær með sér í lið hóp af ólíku fólki en í hópnum er t.d. byggingarverktaki, innanhússhönnuður og fasteignasali og keppa hóparnir um hver er bestur í því að endurgera fasteign. Liðin tvö fá fjölmörg spennandi verkefni sem þau þurfa að leysa og í hverjum þætti er einn þátttakandi sendur heim. Í lokin mun einn þátttakandi standa uppi sem sigurvegari og hlýtur peningaverðlaun fyrir.
**20.05** Hvar er best að búa?
**20.35** Cardinal
**21.20** The Path
**22.05** Vice
**22.40** Girls
**23.10** **Blindspot** Önnur þáttaröðin af spennuþáttunum um Jane, unga konu sem finnst á Times Square algjörlega minnislaus og er líkami hennar er þakinn húðflúri. Alríkislögreglan kemst að því að hvert húðflúr er vísbending um glæp sem þarf að leysa.
**23.55** Outsiders
**00.40** The Mentalist
**01.25** The Young Pope
**02.20** 100 Code
**03.05** Murder
**04.05** Togetherness
**04.35** The Middle
**05.00** The Simpsons
**05.25** Ellen

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10** Inkasso deildin
**08.50** Arsenal - Everton
**10.30** Swansea City - West Bromwich Albion
**12.10** Barcelona - Eibar
**13.50** Malaga - Real Madrid
**15.30** Pepsí deild karla
**17.10** Pepsí deild karla
**18.50** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**19.15** Spænsku mörkin
**19.45** Pepsi-deild karla
**22.00** Pepsímörkin
**23.25** Síðustu 20
**00.00** Pepsimörk kvenna
**01.00** NBA - Playoff Games

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** NBA - Playoff Games
**08.50** Watford - Manchester City
**10.30** Arsenal - Everton
**12.10** Hull City - Tottenham Hotspur
**13.50** Pepsi-deild kvenna
**15.30** Pepsimörk kvenna
**16.30** Pepsi-deild karla
**18.10** Pepsi-deild karla
**19.50** Pepsimörkin
**21.10** NBA - Playoff Games
**22.55** Premier League Review
**23.50** Evrópudeildin - fréttaþáttur

## STÖÐ 3

**17.30** Mike & Molly
**17.50** 2 Broke Girls
**18.15** Anger Management
**18.40** Modern Family
**19.05** Fóstbræður
**19.35** Stelpurnar
**20.00** Who Do You Think You Are?
**20.45** Pretty Little Liars
**21.30** Legit
**21.55** Game Of Thrones
**22.55** The Americans
**23.45** The Brink
**00.10** Fóstbræður
**00.40** Stelpurnar
**01.00** Who Do You Think You Are?
**01.45** Pretty Little Liars
**02.30** Legit
**02.50** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Strumparnir
**07.25** Hvellur keppnisbíll
**07.37** Ævintýraferðin
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Víkingurinn Viggó
**08.11** Zigby
**08.25** Stóri og litli
**08.38** Latibær
**09.00** Dóra könnuður
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur og félagar
**11.00** Strumparnir
**11.25** Hvellur keppnisbíll
**11.37** Ævintýraferðin
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** Víkingurinn Viggó
**12.11** Zigby
**12.25** Stóri og litli
**12.38** Latibær
**13.00** Dóra könnuður
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur og félagar
**15.00** Strumparnir
**15.25** Hvellur keppnisbíll
**15.37** Ævintýraferðin
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** Víkingurinn Viggó
**16.11** Zigby
**16.25** Stóri og litli
**16.38** Latibær
**17.00** Dóra könnuður
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur og félagar
**19.00** Ljóti andarunginn og ég



Svampur Sveins kl. 10.24, 14.24 og 18.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** AT&T Byron Nelson
**13.00** Kingsmill Championship
**15.00** AT&T Byron Nelson
**20.00** PGA Highlights 2017
**20.55** Kingsmill Championship
**22.55** BMW South African Open

## BÍÓSTÖÐIN

**11.10** The Class of '92
**13.15** Baddi í borginni
**14.50** My Best Friend's Wedding
**16.35** The Class of '92
**18.40** Baddi í borginni
**20.15** My Best Friend's Wedding
**22.00** **American Sniper** Mögnuð Óskarsverðlaunamynd frá 2014 sem byggð er á sönnum atburðum í leikstjórn Clint Eastwood og með aðalhlutverk fara Bradley Cooper og Sienna Miller. Sönn saga bandaríska hermannsins og leyniskyttunnar Chris Kyle sem staðfest er að hafi komið að minnsta kosti 160 óvinum í Írak fyrir kattarnef og þurfti oft að taka erfiðar ákvarðanir. Chris Kyle var leystur með sæmd frá störfum í bandaríska hernum árið 2009. Hann skrifaði síðan bókina American Sniper sem gefin var út árið 2012 þar sem hann sagði óvenju hispurslaust frá reynslu sinni í Írak.
**00.15** The Patriot
**03.00** **Blackhat** Hörkuspennandi mynd frá 2015 með Chris Hemsworth í aðalhlutverki. Myndin fjallar um dæmdan tölvuhakkara sem er leystur úr haldi til að hjálpa bandarískum og kínverskum yfirvöldum að hafa hendur í hári tölvuglæpamanns.
**05.15** American Sniper

## RÚV

**16.50** Silfrið
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Háværa ljónið Urri
**18.12** Hundalíf
**18.14** Róbert bangsi
**18.24** Skógargengið
**18.35** Undraveröld Gúnda
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.15** Ofurskynjun dýranna
**21.10** Dicte
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Jóhanna af Örk
**23.20** Mótorsport
**23.50** Kastljós
**00.25** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Chasing Life
**09.50** Jane the Virgin
**10.35** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.50** Top Gear. The Races
**14.40** Psych
**15.25** Black-ish
**15.50** Jane the Virgin
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** King of Queens
**19.00** The Millers
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Superstore
**20.15** Top Chef
**21.00** Hawaii Five-0
**21.45** Shades of Blue
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Californication
**00.20** CSI
**01.05** Scorpion
**01.50** Madam Secretary
**02.35** Hawaii Five-0
**03.20** Shades of Blue
**04.05** The Tonight Show
**04.45** The Late Late Show
**05.25** Síminn + Spotif

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# SÍÐASTI SÉNS!

# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM LEIKFÖNGUM**
18.-22. MAÍ**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups. **Gildir ekki með afmælisafsláttum í Borganesi.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Ásta Sól og sonur hennar Nói Hrafn, ásamt Berghildi Erlu Bernharðsdóttur sem er meðeigandi Ástu Sólar að framleiðslufyrirtækinu Bergsól sem hefur unnið að herferð Tilveru. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vilja gefa öllum tækifæri til að eignast barn

Samtökin Tilvera eru að hrinda af stað söfnunarátaki sem verður til þess að hægt verður að veita fleiri félagsmönnum samtakanna peningastyrk vegna baráttu þeirra við ófrjósemi. Verkefnið snýst um að gefa fleiri pörum og einstaklingum tækifæri til að stofna fjölskyldu.

Við erum byrjuð að selja lyklakippu sem hönnuðurinn Hlín Reykdal hefur hannað. Hún hefur unnið mjög óeigingjarnt starf og hannað táknræna kippu. Kippan táknar einn af sex, alveg eins og átakið sem við stöndum fyrir og höfum verið að gera í samstarfi við framleiðslufyrirtækið Bergsól,“ segir Ásta Sól Kristjánsdóttir, varaformaður Tilveru, samtaka um ófrjósemi. Ágóðinn sem safnast af lyklakippunni sem um ræðir verður notaður til að styrkja fólk sem er að ganga í gegnum glasa- eða smásjárfrjóvgunarmeðferð.

„Við viljum hjálpa pörum og einstæðum konum sem eru að glíma við ófrjósemi. Við ætlum sem sagt að styrkja þá sem eru að fara í sína fyrstu glasa- eða smásjárfrjóvgunarmeðferð. Sú fyrsta er nefnilega ekki niðurgreidd. Fólk þarf því að borga það algjörlega úr eigin vasa, þetta eru 455.000 krónur, bara meðferðin, svo kemur ofan á það lyfjakostnaður og jafnvel ferðakostnaður ef fólk býr úti á landi,“ útskýrir Ásta Sól.

„Þetta er gjarnan hálf milljón sem fólk þarf að leggja út, og það er bara stór biti fyrir margt fólk. Sérstaklega fólk sem er kannski búið að fara í ýmsar rannsóknir og jafnvel nokkrar tæknisæðingar áður, þær eru ekki niðurgreiddar.“

Ásta Sól segir félagsmenn hjá Tilveru geta sótt um styrk hjá félaginu. „Við ætlum bara að draga af handahófi úr umsóknum. Við treystum okkur ekki til að velja úr hópnum eða reyna að meta fjárhag fólks.“

> **ÉG VEIT ALVEG UM ÞÖR SEM HAFA ÞURFT AÐ FARA Í 12 MEÐFERÐIR. ÞANNIG AÐ KOSTNAÐURINN GETUR ORÐIÐ MIKILL.**

En styrkir Tilveru ná ekki aðeins til fólks sem er að fara í sína fyrstu meðferð. „Eftir fyrstu meðferðina eru næstu þrjár meðferðir sem fólk fer í niðurgreiddar af ríkinu. Styrkir okkar ná ekki til þeirra para. En um leið og fólk fer í sína fimmtu meðferð niðurgreiðir ríkið ekkert. Þau pör geta þá sótt um styrk hjá okkur, allir sem eru að fara í fimmtu plús meðferðina.“

Ásta Sól segir algengt að fólk þurfi að fara í um fjórar meðferðir áður en barn kemur undir. „Það er ekki algengt að par verði ólétt í fyrstu meðferð. Ástæður fyrir ófrjósemi geta verið margvíslegar en ef ófrjósemin er tiltölulega „einföld“ þá eru um 40% líkur á þungun og 30-35% líkur á að fá barn. Fólk þarf sem sagt oftast að fara í nokkrar meðferðir, ég veit alveg um þör sem hafa þurft að fara í 12 meðferðir. Þannig að kostnaðurinn getur orðið mikill.

Svo hættir ríkið að niðurgreiða um leið og par hefur eignast eitt barn. En flest fólk vill eignast fleira en eitt barn og styrkirnir okkar munu líka ná til þeirra para, sem vilja eignast fleiri börn. Það á að sjálfsögðu að gefa fólki tækifæri á að eignast fleira en eitt barn.“

Sjálf hefur Ásta Sól gengið í gegnum fjórar tæknisæðingar og þrjár glasafrjóvganir sem allar misheppnuðust, það var áður en ríkið hætti að niðurgreiða fyrstu meðferð fyrir fólk. „Ég fer í mínar meðferðir áður en þessu er breytt. Og ég verð að segja alveg eins og er, ég veit ekki alveg hvort við hefðum „meikað“ þetta, ef fyrirkomulagið hefði verið eins og það er í dag, því miklar fjárhagsáhyggjur ofan á álagið sem misheppnaðar meðferðir og fósturlát hafa bæði á líkama og sál, geta gert út af við sambönd,“ útskýrir Ásta Sól sem á tvö börn og eitt stjúpbarn.

„Margt fólk hefur þurft að fresta því að fara í nám eða sumarfrí til dæmis, til að safna fyrir meðferð. Ég var ekki ein af þeim en mér fannst þetta samt alveg stór biti.“

Ásta Sól mælir eindregið með að allir sem glíma við ófrjósemi leiti sér sálfræðiaðstoðar. „Það kostar líka sitt en er alveg nauðsynlegt að mínu mati. Það er ekki gott að bera þessa byrði einn.

Það eru um 300 félagar í Tilveru núna, en við viljum fá fleiri því við vitum að það eru miklu fleiri að glíma við þetta vandamál. Við viljum líka hvetja fólk til að rjúfa þögnina,“ segir Ásta Sól að lokum.

Hún tekur fram að lyklakippan eftir Hlín Reykdal verði brátt fáanleg á vef Tilveru, tilvera.is en stefnt sé að því að opna nýja heimasíðu í dag. Þar verður einnig hægt að finna myndbönd sem félagið sendi frá sér nýverið. „Í þessum myndböndum kemur fólk fram og segir sínar reynslusögur.“ **gudnyhronn@365.is**

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

DORMA KYNNIR
SIMBA®




Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.

Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum

| | |
|---|---|
| 90 x 200 cm | 74.990 kr. |
| 120 x 200 cm | 89.990 kr. |
| 140 x 200 cm | 99.900 kr. |
| 160 x 200 cm | 114.990 kr. |
| 180 x 200 cm | 129.900 kr. |





Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á
www.simbasleep.is

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast




## MÁNUDAGURINN 22. MAÍ

Með fyrstu 1.000 Megaviku-pöntunum dagsins fylgir bíómiði The Mummy eða varningur tengdur myndinni.

## ÞRIÐJUDAGURINN 23. MAÍ

Flaska af Domino's köldu 2 L Coke fylgir með fyrstu 1.000 Megaviku-pöntunum dagsins.

## MIÐVIKUDAGURINN 24. MAÍ

Kanilgott og glassúr fylgir með fyrstu 1.000 Megaviku-pöntunum dagsins.




WWW.DOMINOS.IS

SÍMI 58 12345

DOMINO'S APP

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR

Pálmars Ragnarssonar



## Brotin stöng

Það small í stönginni. Hver einasta manneskja í húsinu fékk verk í eyrun. Þrátt fyrir öskrin og trommurnar. Hvellurinn var það hár að ég hélt að stöngin hefði brotnað. Og ég er nokkuð viss um að boltinn hafi sprungið. Ég held án gríns að það hafi þurft að skipta um bolta eftir þetta skot. Mig gæti ekki dreymt um að skjóta svona fast þó ég fengi mörg þúsund tilraunir.

Ragnheiður Júlíusdóttir, 19 ára leikmaður Fram, er einn svakalegasti íþróttamaður sem ég hef séð. Handboltakona af guðs náð. Ef hún ætlar sér að skora er ekkert sem þú getur gert í því.

Markmenn Stjörnunnar ættu að fá hugrekkisverðlaun ársins. Að reyna að fara fyrir þessi skot hennar er líklega svipuð tilfinning og að stökkva fyrir bíl. Mér dytti ekki í hug að fara í markið án þess að vera í skotheldu vesti og með hjálm.

Lokamínúturnar voru æsispennandi. Framstúlkur tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn á síðustu andartökum leiksins. Stemning hundraða Framara ósvikin, vonbrigði jafn margra Stjörnumanna áþreifanleg. Ógeðslega gaman á leiknum.

Ef það er eitthvað sem ég elska þá eru það spennandi lokamínútur. Ég var samt enn mest að hugsa um þetta skot í fyrri hálfleik. Hvað kostar eiginlega að kaupa nýja stöng?

Þetta er raunveruleikinn á Íslandi í dag. Troðfullt á úrslitaleikjum kvenna bæði í handbolta og körfubolta. Íslendingar munu fylla pallana á Evrópumótinu í sumar. Enginn neyddur til að mæta. Áhuginn er orðinn rosalegur og hann á bara eftir að aukast. Brátt kemur að því að fólk verður hvatt til að horfa bara á leikina í sjónvarpinu, til að koma í veg fyrir öngþveiti í íþróttahúsum landsins. Það er ekki hægt að hrúga inn endalaust.

Ps. Ég legg til að við hefjum söfnun fyrir Ragnheiði, ef ske kynni að hún þyrfti að borga sjálf fyrir skemmdirnar á stönginni.











